

Verklag við gerð þvingunarskýrslna og yfirferð þeirra á skrifstofu Barnaverndarstofu

Þvingun inni á Stuðlum eða öðru meðferðarheimili

- Komi til þess að beita þurfi skjólstæðing þvingun þegar stöðva þarf ofbeldi og/eða aðra skaðlega hegðun, t.d. með líkamlegri valdbeitingu, með því að vista skjólstæðing inni á lokuðu herbergi og/eða með því að framkvæma líkamsleit, ber að skrá slíkt í þvingunarskýrslu.
- Nauðsynlegt er að beita þvingun í samræmi við þær reglur sem um þvinganir gilda og vísa í viðeigandi reglur þar um. **Þvingunarskýrslu ber að fylla út eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan sólarhrings frá atviki.** Mjög mikilvægt er að kynna hana skjólstæðingi og gera honum ljósar leiðir til athugasemda. Að því loknu ber að senda hana til forstöðumanns Stuðla.
- Forstöðumaður Stuðla sendir þvingunarskýrslu til skrifstofu Barnaverndarstofu innan tveggja sólarhringa frá því að honum barst skýrslan.** Ef formgallar eru á skýrslunni þá getur forstöðumaður í samráði við hlutaðeigandi starfsmenn og barn bætt úr þeim áður en hann sendir skýrsluna til skrifstofu Barnaverndarstofu.
- Á Barnaverndarstofu metur sérfræðingur á meðferðar- og fóstursviði ásamt lögfræðingi við fyrsta tækifæri þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni en eigi síðar en 5 dögum eftir að skýrslan barst stofunni.**
- Barnaverndarstofa getur eftir atvikum gert athugasemdir við annað hvort vinnslu og/eða útfyllingu skýrslunnar eða við þvingunina sem slíka og/eða vinnubrögð starfsmanna í kjölfar hennar. Ef athugasemdir eru gerðar við vinnslu og/eða útfyllingu skýrslunnar þá er forstöðumanni Stuðla bent á þau atriði sem bæta þarf úr. Ef athugasemdir eru gerðar við þvingunina sem slíka og/eða vinnubrögð starfsmanna í kjölfar hennar þá er alla jafna óskað eftir frekari upplýsingum til skýringa. Ef þess er talið þörf þá óskar Barnaverndarstofa eftir fundi með hlutaðeigandi starfsmönnum.
- Ef Barnaverndarstofa metur það sem svo að þvingun hafi ekki verið í samræmi við þær reglur sem gilda um þvingun ber að gera forstöðumanni Stuðla viðvart þar um og koma máli viðkomandi starfsmanns í farveg innan stofunnar.